



Héraðsskjalasafn Árnesinga



ÁRSSKÝRSLA 2018
Héraðsskjalasafn Árnesinga

Annáll 2018

Húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga voru í brennidepli á árinu 2018 enda ljóst að skjalageymslur væru óðum að fyllast og viðbúið að skjalasafnið gæti ekki tekið við skjölum afhendingarskyldra aðila frá og með árinu 2019. Starfsárið markaðist einnig af nýrri löggjöf um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og umræðum um víxlverkun á milli þessara laga og laga um opinber skjalasöfn nr. 77/2014.

Afhendingarskyldir aðilar og opinber skjalasöfn verða að geta uppfyllt þær kröfur sem löggjafinn setur fram hvað varðar vörslu skjala, aðgengi að skjölum og um leið tryggt að persónuvernd sé í lagi. Opinberum skjalasöfnum þarf að tryggja aukid fjármagn í ljósi þeirra auknu krafna sem gerðar eru til þeirra og þá þarf að huga enn frekar að samvinnu milli afhendingarskyldra aðila og opinberra skjalasafna þegar kemur að skjalavörslu.

Notenda- og stjórnendaviðmót ljósmynda- og miðlunarvefs var bætt til muna auk þess sem nýir skjalaflokkar voru gerðir aðgengilegir á vef. Hefðbundin starfsemi, þ.e. skráning skjala, afgreiðsla fyrirspurna og erinda, útlán á skjölum á lestrarsal og greining á ljósmyndum var með mesta móti.

Stjórn og starfsmenn

Sveitarstjórnarkosningar voru haldnar 26. maí 2018. Í kjölfar kosninganna hættu Sveinn S. Steinarsson og Svanhvít Hermannsdóttir í stjórn safnsins. Sveinn hafði setið í stjórn frá árinu 2010 en Svanhvít frá árinu 2014 og er þeim hér þakkað sérstaklega fyrir góð störf í þágu skjalasafnsins. Ný stjórn tók við í júlí en hana skipa: Kjartan Björnsson formaður, Sveitarfélaginu Árborg, Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélaginu Ölfus og Valgerður Sævarsdóttir, Bláskógabyggð.

Stöðugildi við héraðsskjalasafnið voru tæplega þrjú og hálf. Héraðsskjalavörður og skjalaverðir í fullu starfi voru Þorsteinn Tryggvi Mátsson, Sævar Logi Ólafsson og Guðmunda Ólafsdóttir. Starfsmaður í miðlunarverkefni var F. Elli Hafliðason.

Starfsemi og aðbúnaður

Starfsemi héraðsskjalasafnsins á árinu 2018 var með hefðbundnum hætti. Skjalasafnið starfar í samræmi við lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994 auk þess sem ýmis önnur lög hafa áhrif á starfsemi og rekstur skjalasafnsins. Kjarnastarfsemi skjalasafnsins er í megindrátum fjórþætt, þ.e. móttaka skjala afhendingarskyldra aðila og einkaaðila, skráning og aðgengi að skjölum, eftirlit og ráðgjöf með skjalavörslu á sveitarstjórnarstiginu, auk miðlunar á skjölum er varða sögu héraðsins og þjóðarinnar. Héraðsskjalasafnið er stjórnsýslu-, þjónustu- og menningarstofnun og mikilvægt að tryggja að sveitarfélög og almenningur geti með einföldum hætti sótt þá þjónustu sem skjalasafnið veitir. Aðgengi að skjölum er fyrst og fremst tryggt með skráningu þeirra, en á sama tíma er einnig mögulegt að gera skjöl eða skjalaflokka aðgengilega á vefsíðu skjalasafnsins og færa þannig ákveðna þætti í þjónustu skjalasafnsins nær þeim sem þurfa að nota safnkostinn.

© Héraðsskjalasafn Árnesinga 2019

Ritstjórn: Þorsteinn Tryggvi Mátsson.
Umbrot: Þorsteinn Tryggvi Mátsson.
Prófarkalestur: Hannes Stefánsson.

Allar ljósmyndir eru teknar af starfsmönnum héraðsskjalasafnsins nema annað sé tekið fram.

Forsíðumynd er úr safni Miðengissystkinanna og sýnir kýr virða fyrir sér óþekktu ferðalanga.
Ljósmyndari óþekktur. 2006/6 ME 01504.

Baksíðumynd er úr safni Axels Magnússonar og sýnir Axel ásamt samferðafólki njóta eindæma veðurblíðu á þaki Land Rover bifreiðar X-1486.
Ljósmyndari óþekktur. 2019/3 AM_00062.

ISSN 2298 – 1020

Stjórn héraðsskjalasafnsins árin 2014-2018 og forstöðumaður. Þorsteinn Tryggvi Mátsson, Kjartan Björnsson, Sveinn S. Steinarsón og Svanhvit Hermannsdóttir.



Allt frá árinu 2009 hafa upplýsingar um fyrirspurnir, erindi, lán á lestrarsal, önnur not á safnkosti, fjölda og stærð afhendinga o.fl. verið skipulega teknar saman með það að markmiði að ná betur utan um ýmsa grunnþætti í starfsemi skjalasafnsins. Úrvinnsla þessara upplýsinga hefur með beinum hætti haft áhrif á forgangsroðun verkefna, s.s. skjalaskráningu skv. stöðlum, öryggisafritun mikilvægra skjala stjórn-sýslunnar, miðlun á skjölum á vef o.fl. Þessar upplýsingar eru mikilvægt veganesti þegar kemur að því að móta framtíðarstefnu skjalasafnsins, sjá hvað er vel gert og hvað má bæta. Ýmis verkefni sem ráðist hefur verið í á síðustu árum tengjast fyrir-spurnum varðandi aðgengi og not á safnkostinum, nærtækast er að nefna miðlun á safnkosti á vefsíðu skjalasafnsins.

Í ársbyrjun hófst undirbúningur vegna breytinga á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Unnin var greining og áhættumat á safnkostinum m.t.t. persónuupplýsinga í vörslu skjalasafnsins þar sem athugað var hvaða upplýsingar væru skilgreindar sem almennar, hvaða upplýsingar væru viðkvæmar og lögmæti vinnslu þessara upplýsinga skoðað og borið saman við frumvarp til laga um persónu-vernd og vinnslu persónuupplýsinga annarsvegar og lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 hinsvegar. Vinnsla persónuupplýsinga er fjölþætt. Hugtakið felur í sér alla notkun og meðferð persónuupplýsinga, þ.m.t. skráningu, varðveislu, veitingu og synjun aðgengis og eyðingu. Seinni hluta árs var síðan unnið frekar að áhættu-mati og aðgerðaáætlun. Um mitt sumar tóku löggin gildi og þá var persónuverndar-stefna skjalasafnsins kynnt og hún gerð aðgengileg á vef skjalasafnsins 15. júlí 2018. Persónuverndarstefnan lýsir vinnslu skjalasafnsins á persónuupplýsingum og




Gunnar Þorgeirsson fyrrverandi odd-viti Grímsnes- og Grafningshrepps skoðar fyrstu fundar-gerðarbók hreppsins.

tilgangi persónuverndarstefnunnar sem er að veita þeim einstaklingum sem persónu-verndaðar upplýsingar í fórum þess varða nánari fræðslu um vinnslu eftir því sem við á. Ný lög hafa í raun lítil áhrif á starfsemi opinberra skjalasafna sem opinberra aðila þar sem vinnsla persónuupplýsinga hjá þessum aðilum skal ávallt eiga sér stoð í lögum.

Í ársbyrjun var ákveðið að vinna að stefnumótun fyrir árin 2018–2022. Þessi vinna var unnin jöfnum höndum ásamt öðrum verkefnum fram á vor og kynnt á vorkyndi Héraðsnefndar sem haldinn var 30. apríl. Hvatinn að gerð stefnumótunarinnar var tvíþættur, annarsvegar til upplýsingar fyrir kjörna fulltrúa, starfsfólk sveitarfélaga og almenning um hlutverk skjalasafnsins og þau verkefni sem það hefur með hönd-um, hinsvegar sem öflugt verkfæri sem starfsfólk notar við forgangsroðun verkefna og þannig tryggt að skjalasafnið uppfylli lagaskyldu. Stefnumótuninni er skipt í tvo meginakla, hlutverk skjalasafnsins og svo verkefni, en verkefnakafli er svo brot-inn niður í kafla um móttöku, skráningu og aðgengi, eftirlit og ráðgjöf, þjónustu og miðlun, kynningarmál, söfnun einkaskjalasafna, rannsóknir, húsnæði, stjórnun rekstur og fjármál og samstarf við opinber skjalasöfn.

Allt frá því starfsemi héraðsskjalasafnsins flutti í Ráðhús Sveitarfélagsins Árborgar hefur gestabók legið frammi á lestrarsal. Fjöldi þeirra sem rita nafn sitt í bókina hefur á undanföllum árum minnkað þrátt fyrir að fjöldi fyrirspurna og erinda hafi aukist. Fyrirspurnir og erindi þ.m.t. lán á lestrarsal voru 804. Um 25% fyrirspurna, erinda og afhendinga voru frá sveitarfélögum og stofnunum þeirra. 604 fyrirspurnir, erindi og afhendingar bárust frá einstaklingum, hópum og/eða félögum. Í rúm fimm ár hafa verið teknar saman upplýsingar um fjölda askja sem notaðar eru á lestrarsal og fjölda


Sundurliðun fyrirspurna og erinda




askja sem notaðar eru vegna fyrirspurna og erinda. Þessar upplýsingar segja til um hvaða skjöl eru notuð, hvaða skjöl ráðlegt væri að gera aðgengileg á vef og hvaða skjöl þarf að taka stafræn afrit af. Lán á lestrarsal voru 92, alls 228 öskjur en fjöldi arka mun meiri auk þess sem 80 öskjur voru notaðar vegna fyrirspurna sem starfsmenn svöruðu. Beinar fyrirspurnir og erindi sem kölluðu á afgreiðslu voru 402 auk 180 vegna ljósmynda og ljósmyndaskráningar. Lesvélur voru aðeins notaðar fimm sinnum en nú eru prestþjónustubækur og sóknarmannatöl aðgengileg á vef Þjóðskjalasafns. Starfsmenn vísuðu fjölda gesta á vefinn og leiðbeindu um notkun hans.

Afhendingar á árinu 2018 voru 99. Fjöldi afhendinga á undanförunum árum hefur ekki tekið miklum breytingum ef undan er skilið árið 2014 þegar skjalageymslur safnsins voru fullar. Skráningu afhendinga sem bárust á árinu var sinnt jafnóðum. Skjalasafninu hefur aldrei borist jafn mikið af skjölum, en fjöldi hillumetra var 131,92. Þetta er tvöfalt það magn sem áætlanir gerðu ráð fyrir, en í byrjun árs var ljóst að um metár yrði að ræða. Skjalageymslur fyllast á næsta ári. Afhendingarskilaskyldir aðilar afhentu 117,96 hillumetra en einkaskjalasöfn voru 13,96 hillumetrar. Árið 2017 voru opinber skjöl 104,23 hillumetrar og einkaskjöl 20,40. Á árunum 2005–2009 voru að jafnaði afhentir 22,73 hillumetrar á ári. Frá 2010–2018 er þessi tala að jafnaði 65,56 hillumetrar, en ef síðustu fimm ár eru skoðuð eru afhendingar að jafnaði um 80,18 hillumetrar á ári. Þetta þarf að skoða í samhengi við eftirlitsskyldu og ráðgjafahlutverk héraðsskjalasafnsins, en starfsmönnum safnsins hefur tekist að skapa ákveðna festu í samskiptum við fjölda skilaskyldra aðila þegar horft er til afhendinga.

Fjöldi hillumetra 2014-2018



Afhentir hillumetrar 2014-2018





Allt frá upphafi hafa karlar verið duglegri við að nýta sér þjónustu skjalasafnsins en konur. 705 karlar nýttu sér hana með einum eða öðrum hætti á síðasta ári, en konur voru 374 sem er hæsta hlutfall kvenna hingað til eða rétt tæplega 35%. Skýringa er fyrst og fremst að leita í aukinni þátttöku kvenna á greiningarfundum og í tengslum við rannsóknir á safnkostinum. Hæsta hlutfall kvenna fram til þessa var árið 2015 þegar konur voru 34% notenda.

Fyrirspurnum og erindum var svarað jafnóðum á vinnutíma starfsmanna. Skjalasafnið var lokað í tvær vikur vegna sumarleyfa.

Skjalaskráning

Skjalaskráning er gerð í samræmi við staðla alþjóða skjalaráðsins ICA, þ.e. ISAD-G og ISAAR. Staðlarnir taka m.a. til skjalaskráningar og upplýsinga um skjalamyndara. Greinargerðir og skjalaskrár eru aðgengilegar á lestrarsal. Nú er búið að skrá skjöl frá 2005–2018 samkvæmt stöðlum. Samtals eru þetta 1242 aðfanganúmer auk 86 afhendinga sem eru með aðfanganúmer 1010, 1011 o.s.frv. en þessar afhendingar rötuðu ekki inn í aðfangabók á sínum tíma. Þetta eru alls 722,5 hillumetrar, þar af eru 1010–1018 afhendingarnar 16 hillumetrar. Af þessum 1242 aðfanganúmerum eru 375 eða rúmlega 30% afhendingar frá opinberum aðilum en tæplega 70% frá einkaaðilum. Ef horft er til hillumetra snýst þetta við. Magn opinberra skjala er 476,7 hillumetrar þ.e. 66% en magn einkaskjala 245,8 hillumetrar eða 34%. Samhliða skjalaskráningu hefur aðfangabók skjalasafnsins verið uppfærð því aðfangabók auk vandaðrar skjalaskráningar í samræmi við staðla er lykillinn að því að gera safnkost



aðgengilegan. Endurskráning skjala í samræmi við ISAD-G staðalinn er langtíma-verkefni sem ekki sér fyrir endann á. Endurskráning skjala er einfaldlega hluti af kjarnastarfsemi héraðsskjalasafnsins. Skráning skjalasafna og gerð greinargerða var að mestu í höndum Sævars Loga Ólafssonar skjalavardar.

Þróunavinnu vegna birtingar á skjalaskrárm á vef var haldið áfram, en persónuverndarsjónarmið, birtingarmynd, leit í og þvert á skrár þarf að skoða vandlega. Sífellt fleiri nota vefinn til að glöggva sig á safnkosti skjalasafna og mikilvægt að söfnin mæti þessum kröfum bæði af skynsemi og metnaði. Þá þurfa notendur að vera sjálfbjarga þegar kemur að leit og þöntun á skjölum á lestrarsal gegnum vef. Skjalaskráning í samræmi við staðla tryggir upp að vissu marki einsleita skráningu sem auðveldar alla leit í safnkostinum. Þá er ekki hægt að horfa framhjá þekkingu starfsmanna á safnkostinum, innra samhengi afhendinga og stjórnáslunni, en áunnin þekking og reynsla þeirra getur skipt sköpum þegar kemur að leit á skjölum í vörslu skjalasafnsins.

Samstarfsverkefni skipulags- og byggingafulltrúaembættisins í Sveitarfélaginu Árborg og héraðsskjalasafnsins var áframhaldið en 31,20 hillumetrar af teikningum af húsum í sveitarfélaginu voru afhentar. Þetta verkefni var unnið af Guðmundu Ólafsdóttur skjalaverði sem fór yfir allar afhendingar, skannaði inn teikningar ásamt ýmsum fylgigögnum og skráði. Enn er nokkuð af teikningum eftir og verður verkefninu væntanlega haldið áfram á næsta ári. Þá var ráðist í samskonar verkefni á skjölum Umhverfis og tæknisviðs Uppsveita og var ritað undir samstarfs-samning þess efnis um mitt ár til þriggja ára. Afhending Umhverfis- og tæknisviðs

Uppsveita var 7,05 hillumetrar. Miklu skiptir að skjöl skipulags- og byggingafulltrúaembættanna séu afhent en embættin munu áfram geta afgreitt fyrirspurnir þrátt fyrir að frumgögnin séu í vörslu skjalasafnsins. Fest voru kaup á sérstökum teikningaskanna til að geta skannað, skráð og gengið frá teikningum og mun hann nýfast vel á næstu árum. Héraðsskjalasafnið kom einnig að húsakönnunarhluta verkefnisins Eyrarbakki, verndarsvæði í byggð í samvinnu við Sveitarfélagið Árborg.

Langtímavarsla rafrænna gagna var mikið rædd meðal starfsmanna nokkurra héraðsskjalasafna, sérstaklega í ljósi gagnrýni Þjóðskjalasafns sem sett var fram í eftirlitskönnun með starfsemi héraðsskjalasafna. Staðreynd máls er að engar stofnanir á vegum sveitarfélaga í umdæmi héraðsskjalasafnsins leituð eftir því á árinu að fá að skila skjölum sínum á rafrænu formi, engin stofnun hefur til þessa tilkynnt rafræn skjalavörsluferfi, rafrænar skrár eða rafræna grunna og þ.a.l. er ljóst að sveitarfélögin og stofnanir þeirra munu ekki á næstu fimm árum hið minnsta afhenda vörsluútgáfur gagna úr rafrænum gagnakerfum. Það er nauðsynlegt að fara enn frekar yfir þær kröfur sem fylgja rafrænni langtímavörslu skjala, skráningu skjala, leitarbærni og skuldbindingum vegna viðhalds á rafrænum kerfum til langs tíma. Drög að samstarfssamningi um langtímavörslu rafrænna skjala milli nokkurra héraðsskjalasafna eru á teikniborðinu. Eins er mikilvægt að opinber skjalasöfn og afhendingarskyldir aðilar séu upplýstir um muninn á rafrænni stjórnsýslu annarsvegar og langtímavörslu rafrænna gagna hinsvegar. Stjórnvöld og almenningur þurfa að vera meðvítuð um tilgang og þýðingu nútímaskjalavörslu, mikilvægi þess að verkferlar séu til staðar, rekjanleiki og gagnsæi í ákvarðanatöku ljóst, valdmörk virt og aðgengi, vinnsla og varsla skjala í samræmi við lög. Vanhöld á skjalavörslu geta verið dýrkeypt og haft neikvæð áhrif á stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga sem og á sögu þjóðarinnar.

Eftirlitskönnun Þjóðskjalasafns

Í lok desember gaf Þjóðskjalasafn út skýrslur sem unnar voru úr eftirlitskönnun með starfsemi héraðsskjalasafna árið 2017, en spurningar miðuðu við starfsemi safnanna árið 2016. Miklar deilur sköpuðust milli Þjóðskjalasafns og héraðsskjalavarda í kjölfar fyrirhugaðrar útgáfu þessara skýrslna en framsetning og túlkun starfsmanna Þjóðskjalasafns á svörum héraðsskjalavarda er villandi og jafnvel röng í sumum tilfellum, sumar spurningar áttu sér ekki lagastöð og sá frestur sem héraðsskjalaverðir fengu til að gera athugasemdir var of stuttur. Héraðsskjalavörður sendi inn athugasemdir. Steininn tók úr þegar skýrsla um skjalavörslu sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar á skjöl sín á Þjóðskjalasafn kom út, en séu þessar tvær skýrslur bornar saman virðist sem svo að Þjóðskjalasafn geri ýtarlegri kröfur til héraðsskjalasafnanna en til sín. Útgáfa skýrslanna er síst til þess fallin að styrkja héraðsskjalasöfnin og þá góðu vinnu sem þar fer fram. Hafa ber í huga að ný reglugerð um héraðsskjalasöfn hefur ekki litið dagsins ljós, reglugerð um Þjóðskjalasafn er frá árinu 1916, og þá hefur ríkisframlagið til safnanna ekki hækkad í samræmi við þær auknu kröfur sem löggjöfnin frá 2014 kveður á um.

Eftirlit og ráðgjöf

Lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 kveða á um eftirlitsskyldu opinberra skjalasafna með afhendingarskyldum aðilum. Eftirlitsskyldan og aðkoma skjalasafna að skjalahaldi og skjalavörslu afhendingarskyldra aðila hefur vaxið á undanföllum árum og er það vel. Árið 2018 var engin undantekning og eftirlits- og ráðgjafahlutverk skjalasafnsins er án efa eitt stærsta og mikilvægasta hlutverk þess í nútíð og framtíð. Framundan eru stór og krefjandi verkefni og mikilvægt að sú sérfræðipækning sem er til staðar á héraðsskjalasöfnunum sé nýtt til að bæta enn frekar skjalavörslu á sveitarstjórnarstiginu.

Um mitt ár 2017 var 64 afhendingarskyldum stofnunum send rafræn könnun um skjalavörslu og skjalahald, 39 stofnanir, þ.e. 64% svöruðu könnuninni á endanum. Til stóð að birta niðurstöður könnunarinnar á árinu 2018 en ekkert varð af fyrirhugaðri útgáfu. Niðurstöður könnunarinnar voru ekki frábrugðnar könnun sem gerð var árið 2016 og ástandi skjalavörslu eins og það blasir við starfsmönnum í heimsóknum og gegnum samtöl og önnur samskipti við afhendingarskylda aðila. Huga þarf betur að útfærslu og framkvæmd eftirlits með afhendingarskyldum aðilum til að tryggja að niðurstöður, skýrslur, tillögur að úrbótum ef einhverjar eru og eftirfylgni bæti raunverulega skjalavörslu afhendingarskyldra aðila sem hlýtur að vera megintilgangur eftirlits. Forstöðumenn héraðsskjalasafna á Suðvesturhorninu funduðu nokkrum sinnum á árinu til að skoða og finna mögulegan snertiflöt á frekara samstarfi vegna eftirlits með skjalamyndurum og útfærslu þess. Fyrirhugað samstarf þessara skjalasafna mun styrkja þau enn frekar faglega og gera þeim kleift að takast í sameiningu á við útfærslu verkferla, framkvæmd eftirlits, birtingu og framsetningu niðurstaðna auk eftirfylgni með afhendingarskyldum aðilum. Í þessu sambandi var einnig rætt um langtímavörslu rafrænna skjala, tilkynningar á rafrænum skjalavörsluferfum, gagnagrunnum o.fl. Það er mikilvægt að þetta sé gert af skynsemi, verkefnið brotið upp í smærri verkþætti sem hægt er að bæta sérstaklega einn af öðrum og um leið ljóst að allir aðilar hafa sameiginlegt markmið.

Bætt skjalavarsla á sveitarstjórnarstiginu er samvinnuverkefni afhendingarskyldra aðila og skjalasafnsins. Tryggja þarf ákveðna samfellu í allri embættisfærslu, að málsmeðferð sé í samræmi við lög og þjónusta standist kröfur íbúa þar um. Héraðsskjalasafnið er órjúfanlegur hluti af stjórnsýslu þeirra sveitarfélaga sem að því standa og mikilvægt að starfsmenn sveitarfélaga og íbúar séu meðvitaðir um hlutverk skjalasafnsins. Samvinna getur bætt skráningu, meðferð og frágang á skjölum óháð áritunarformi þeirra og tryggt aukna leitarbærni um leið og fyllsta tillit er tekið til aðgangs- og öryggissjónarmiða.

Fimm sveitarfélög eru með samþykktá málalykla, í einu sveitarfélagi er enn verið að endurskoða málalykil, fjórir grunnskólar eru með samþykktá málalykla og skjalavistunaráætlanir, einn skóli er með áætlun í ferli, átta leikskólar eru með samþykktá

skjalavistunaráætlun, tveir þeirra eru með samþykktá málalykla en hinir skólarnir nota bréfadagbók. Krafan er sú að þessir leikskólar verða að vera með samþykktá málalykla og við því verður brugðist. Tveir leikskólar eru að fara í gegnum endurnýjun á skjalavistunaráætlun og málalykli og þá er Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita með samþykktan málalykil. Aldrei hafa fleiri afhendingarskyldir aðilar verið með samþykktá málalykla eða skjalavistunaráætlanir, en um leið ljóst að mikið verk er enn fyrir höndum hvað þetta varðar.

Fjöldi afhendingarskyldra aðila var heimsóttur á árinu þar sem farið var yfir ýmsa þætti er snerta skjalahald, afhendingar sóttar, farið yfir skjalageymslur o.s.frv.

Húsnæðismál

Húsnæðismál skjalasafnsins voru mikið til umræðu bæði hjá stjórn, starfsmönnum og héraðsnefnd en Sveitarfélagið Árborg þarf að nota núverandi húsnæði skjalasafnsins að Austurvegi undir starfsemi sína. Samkvæmt rýmisáætlun sem unnin var 2017 var gert ráð fyrir 800 m² húsnæði þar sem skjalageymslur væru í helmingi þess rýmis auk þess sem gert var ráð fyrir móttöku- og vinnurými, skrifstofum, fundarými, lestrarsal o.fl. Þá var lögð áhersla á að geta í fyrirsjáanlegri framtíð stækkað skjalageymslur enn frekar. Þessi rýmisáætlun var höfð til hliðsjónar í öllum umræðum um nýtt húsnæði fyrir rekstur safnsins. Á haustfundi héraðsnefndar kom fram hugmynd um að flytja safnið á Eyrarbakka í húsnæði sem þar var til sölu, Sveitarfélagið Ölfus bauð lóð undir starfsemi safnsins í Þorlákshöfn og þá skoðuðu starfsmenn ýmis hús á Selfossi. Framkvæmdastjórn héraðsnefndar var falið að fylgja málinu eftir og láta kanna kostnað við endurbyggingu á Alpan-húsunum á Eyrarbakka og var Eflu verkfræðistofu falið að vinna þá úttekt. Forstöðumaður héraðsskjalasafnsins lagði fram ýmis gögn og lagði áherslu á að skjalasafnið yrði áfram á Selfossi í ljósi þess að þangað sækja Sunnlendingar þjónustu í mun ríkara mæli en til annarra þéttbýlisstaða á Suðurlandi. Í árslok er enn óljóst hvar safninu verður fundinn staður.

Lokið var við að flytja einkaskjalasöfn í húsnæði skjalasafnsins í Háheiði og er geymslan þar full. Þá var endurskipulagningu skjalageymslna að Austurvegi lokið, en markmið þeirrar endurskipulagningar var að hámarka hillumetrafjölda í geymslunum. Í árslok 2018 eru 22,5 hillumetrar lausir. Vinnuaðstaða í Háheiði nýttist vel þegar horft er til þess hve mikið magn skjala var afhent á árinu, en um mitt sumar voru afhent níu vörubretti af skjölum frá nokkrum afhendingarskyldum aðilum í héraði. Vinnuaðstaðan gaf möguleika á yfirsýn yfir afhendingarnar á meðan unnið var að flokkun og skráningu.

Lokið var við að bæta brunavarnir í geymslum skjalasafnsins bæði í Háheiði og að Austurvegi í samræmi við kröfur Brunavarna Árnassýslu þar um.

Í ársbyrjun var farið að huga að pöntun á skjalaöskjum frá KLUG Conservation í Þýskalandi í samvinnu við Héraðsskjalasafnið í Kópavogi. Öðrum skjalasöfnum var gefinn kostur á því að vera með eins og áður. Öskjurnar uppfylla m.a. DIN EN ISO 9706, DIN ISO 16245, ANSI/NISO Z 39.48, DIN 6738:2007 og ISO 6588-1:2012.



Lausir hillumetrar í skjalageymslu. Aðeins 22,5 hillumetrar voru lausir í árslok 2018 en það var metár þegar kom að fjölda hillumetra sem voru afhentir en það voru 131,9 hillumetrar.

Greiningarfundur í Norðursal í ráðhúsi Sveitarfélagsins Árborgar. 15 til 20 manna harður kjarni velunnara skjalasafnsins mætti á þessa fundi þar sem þátttakendur aðstoða starfsmenn við að nafngreina einstaklinga, bæta við upplýsingum um viðburði, hús og bíla svo eitthvað sé nefnt úr safnkostinum. Þessir fundir eru mikilvæg viðbót við hefðbundna starfsemi safnsins um leið og þekking almennings er nýtt með góðum árangri.



Miðlun

Miðlun á safnkosti er sívaxandi hluti af starfsemi skjalasafnsins. Í lögum um opinber skjalasöfn er kveðið á um miðlun upplýsinga um þjóðarsöguna og þá er ljóst að miðlun safnkosts á vef er góð aðferð til að gera skjalasafnið sýnilegra í vitund stjórnvalda og almennings. Frá árinu 2013 hefur vefsíða skjalasafnsins *myndasetur.is* styrkt ímynd þess út á við en þar er lögð áhersla á miðlun á safnkosti, bæði á ljósmyndum og skjölum, auk þess sem þar er einnig að finna margvíslegar upplýsingar um starfsemi og tilgang skjalasafnsins. Vefurinn er fyrir löngu orðinn almenningsseign þrátt fyrir að litlu hafi verið til kostnað við kynningu á honum. Samfélagsmiðlar voru einnig notaðir í ríkara mæli en áður á árinu, sérstaklega til að kynna fyrirhugaða greiningarfundi á ljósmyndum sem og til að greina ljósmyndir. Greiningarfundirnir voru haldnir í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Árborgar á Selfossi og þá lögðu starfsmenn skjalasafnsins einnig land undir fót og heimsóttu fjölda samkomuhúsa og bókasafna í sýslunni þar sem greiningarfundir voru haldnir. Uppbyggingarsjóður Suðurlands styrkti greiningarfundina sem hafa staðfest mikilvægi þess að nýta þá þekkingu sem almennigungr býr yfir þegar kemur að því að greina frá viðburðum, húsum, vinnulagi, nafngreina fólk o.fl. Aðstoð almennings í þessu sambandi er ómetanleg fyrir komandi kynslóðir því án þeirra sem þarna mæta væri ekki hægt að skrá þessar myndir nema að hluta. Veturinn 2018–2019 er þriðji veturinn sem greiningarfundir eru haldnir reglulega. Héraðssambandið Skarphéðinn afhenti nokkuð magn ljósmynda á árinu sem voru skannaðar inn og í kjölfarið aðstoðaði Sögu- og minjanevnd HSK við greiningu á

ljósmyndunum með sama hætti og gert var á greiningarfundum. Almennigungr nýtti sér vefinn í ríkara mæli en áður og var duglegur við að deila ljósmyndum úr safnkosti skjalasafnsins.

Enn berast skjalasafninu ljósmyndaafhendingar og sér ekki fyrir endann á skráningu á ljósmyndum sem safninu hafa borist í gegnum árin. Skráning ljósmynda, frekari ítarskráning og leiðréttingar er unnin jöfnum höndum og fækkar villum jafnt og þétt. Tómasi Jónssyni ber sérstaklega að þakka en hann hefur nú frá árinu 2011 unnið af einstakri samvirkusemi að skráningu á ljósmyndasafni sínu. Þá má ekki gleyma þeim fjölda gesta sem koma á lestrarsal eða senda athugasemdir á samfélagsmiðlum til okkar með ábendingar um skráningu ljósmynda. Sveitarfélagið Árborg styrkti ljósmyndaverkefnið sérstaklega eins og það hefur gert allt frá byrjun.

Skjalasafnið fékk þrjá verkefnastyrki til miðlunar frá Þjóðskjalasafni Íslands, til miðlunar á brunavirðingarbókum hreppanna gömlu, á gjörðabókum kvenfélaga í sýslunni og til áframhaldandi þróunar á miðlunarvef héraðsskjalasafnsins sem opnaði í árslok 2016. Vefurinn þarf að nýttast almennigungr og framsetning á safnkosti verður að vera skýr og einföld í allri notkun. Fimm önnur héraðsskjalasöfn notuðu veflausn skjalasafnsins, þ.e. Héraðsskjalasafnið á Akureyri, Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Héraðsskjalasafnið á Neskaupstað, Héraðsskjalasafn Mosfellsbæjar og Héraðsskjalasafn Þingeyinga. Meginbreytingarnar á vefnum voru annarsvegar á notendaviðmóti þar sem magn ítarupplýsinga sem koma fram var aukið og einfaldara var fyrir notendur að fá yfirsýn yfir þær heimildir sem eru aðgengilegar. Stærstu breytingarnar tengjast aftur birtingu á skjalaskrá og tengingu milli skjalaskráa og þess efnis sem miðlað er á vefnum þar sem hægt er að fara á milli skjalaskráa og ljósmynda af gjörðabókum og öðru efni sem miðlað hefur verið á vef safnsins á undanförunum árum. Þá var stjórnendaviðmót bætt til muna til að einfalda allt utanumhald og framsetningu efnis á vef.

Á vefnum er nú hægt að nálgast fimm mismunandi skjalaflokka: Gjörðabækur sveitarfélaga, félagsblöð ungmennafélaga, gjörðabækur kvenfélaga, brunavirðingarbækur hreppanna auk gjörðabóka og korta af Flóaáveitunni. Alls eru 24.143 ljósmyndir á miðlunarvef safnsins, en bækurnar og blöðin eru 235. Sú yfirgripsmikla reynsla og þekking sem starfsmenn hafa af skönnun, ljósmyndun, skráningu lýsigagna og miðlun í tengslum við ljósmyndavefinn hefur skipt sköpum þegar horft er til þessa verkefnis og ljóst að þetta er aðeins byrjunin á miklu stærra verkefni en mikill fjöldi bóka bíður þess að vera ljósmyndaður og þeim miðlað. Nokkrir skjalaflokkar sem þegar eru aðgengilegir á vef, s.s. fundargerðabækur sveitarfélaga þarf að klára að ljósmynda, sama á við um brunavirðingarbækur en þarna veiga öryggissjónarmið þungt.

Aðgengi að skjölum, sérstaklega ljósmyndum, hefur á undanförunum árum flýtt fyrir og einfaldað afgreiðslu og í sumum tilfellum eru notendur einfaldlega alveg sjálfbjarga. Þó má ekki gleyma að hluti þeirra skjala sem varðveitt eru á opinberum skjalasöfnum er ekki aðgengilegur og þá kemur bæði til kasta skjalavarda og annarra aðila vegna aðgengistakmarkana.

Horft fram á veginn eða rýnt í gegnum glugga á Edinborgarkastala í ferð starfsmanna til Historic Environment Scotland sem hefur umsjón með kastalanum og á National archives of Scotland í september.



Nokkuð bættist við af ljósmyndum á vef skjalasafnsins, en mestu munar um viðbætur og leiðréttingar á skráningu á ljósmyndum, bæði myndum á vef og myndum sem ekki eru birtar á vef. Skönnun, skráning og miðlun ljósmynda er einfaldlega hluti af kjarnastarfsemi skjalasafnsins og er unnin jöfnum höndum samhliða skráningu á öðrum skjölum sem eru afhent til vörslu á skjalasafnið. Fjöldi ljósmynda á vef er nú 107.685 myndir.

Sýningin *Konur á vettvangi karla* var sett upp á Flúðum snemma árs 2018 en sýningin var fyrst sett upp árið 2015 og fór síðan árið 2016 í Húsið á Eyrarbakka og víðar en þessa sýningarinnar var stjórnmaláþátttaka kvenna í Árnessýslu frá 1882 og fram á okkar daga. Ljósmyndir úr vörslu safnsins rötudu í bækur, á sýningar, í heimildamynd um landsmót UMFI sem haldin voru á Suðurlandi og þá var sett saman ljósmyndasýning fyrir Grímsnes- og Grafningshrepp í tilefni þess að 20 ár voru frá sameiningu hreppanna.

Skjalasafnið tekur þátt í og setur skrár inn á einkaskjalasafn.is og hefur gert allt frá byrjun. Rétt tæplega fjórðungur þeirra færslna sem þar eru inni er frá Héraðsskjalasafni Árnesinga.

Námskeið og fundir

Starfsmenn margra héraðsskjalasafna tóku þátt í persónuverndardeginum 1. desember 2017. Í kjölfarið sammæltust starfsmenn héraðsskjalasafnanna á Akranesi, Höfn í Hornafirði, Kópavogi og Mosfellsbæ auk Héraðsskjalasafns Árnesinga um að vinna sameiginlega drög að gerð vinnsluskraa, áhættumats og persónuverndarstefnu. Þessi vinna hófst í ársbyrjun 2018 og samhliða var haft samband við lögfræðingateymi Sambands íslenskra sveitarfélaga og var unnið með teyminu í janúar og febrúar. Þann 8. mars stóð hópurinn síðan fyrir málstofu í Mosfellsbæ sem var streymt á You Tube og öllum héraðsskjalasöfnum gefinn kostur á að taka þátt. Telma Halldórsdóttir lögfræðingur SÍS flutti erindi um gildi persónuverndarlöggjafarinnar og áhrif hennar á sveitarfélögin, Unnur Ingólfssdóttir félagsmálastjóri Mosfellsbæjar og Linda Udengaard fræðslustjóri Mosfellsbæjar fjölluðu um greiningarvinnu á skjölum sem heyra undir persónuverndarlögin, Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður fjallaði um persónuvernd út frá lögum um opinber skjalasöfn og Þorsteinn Tryggvi ræddi stofnun hópsins, tilgang þeirrar vinnu sem var framundan hjá skjalasöfnunum og þau

Íslenskir skjalaverðir í Edinborgarferð stilla sér upp hjá Lord Frederick Campbell sem var skipaður Lord Clerk Register árið 1766.



tækifæri sem eru til staðar fyrir opinber skjalasöfn í ljósi þessarar miklu umfjöllunar sem átti sér stað um persónuvernd og skjalavörslu.

Í kjölfar fundarins ákváðu forstöðumenn þessara safna að fara í enn frekara samstarf í tengslum við eftirlits- og ráðgjafahlutverk safnanna, yfirfara verkferla m.t.t. staðla og nýrrar persónuverndarlöggjafar, sammælast um aðgerðaráætlun vegna langtíma vörslu rafrænna skjala o.fl. Hluti þessarar vinnu fór af stað á árinu og líkur standa til að þessari vinnu verði formlega hrundið af stað á fyrsta ársfjórðungi 2019. Héraðsskjalavörður bindur miklar vonir við þetta samstarf sem mun án efa efla þessi söfn faglega um leið og þau verða betur búin til þess að takast á hendur við mörg af þeim stóru verkefnum sem eru framundan.

Samráðshópur opinberra skjalasafna fundaði þrisvar sinnum á árinu vegna fundar opinberra skjalasafna, eftirlitskönnunar Þjóðskjalasafns með héraðsskjalasöfnunum og vegna skiptingar á ríkisframlagi milli héraðsskjalasafnanna. Deilur vegna eftirlitsskýrslanna og framsetningar á niðurstöðum settu svip sinn á samskipti safnanna við Þjóðskjalasafn á haustmánuðum og þá var deilt um skiptingu á ríkisframlagi til héraðsskjalasafna en fulltrúar voru og eru ósammála um skiptingu. Ákvörðun þjóðskjalavardar í þessu máli var ómálefnaleg og ekki til þess fallin að styrkja minnstu skjalasöfnin. Þorsteinn Tryggvi var skipaður í hópinn í ársbyrjun til tveggja ára.

12. og 13. apríl stóð Þjóðskjalasafn Íslands fyrir fundi opinberra skjalasafna í húsa- kynnum Þjóðskjalasafns. Það voru fulltrúar Þjóðskjalasafns og héraðsskjalasafnanna í samráðshóp opinberra skjalasafna sem höfðu veg og vanda að skipulagningu dagskrárinnar. Fyrri daginn var fjallað um úthlutun rekstrarstyrkja þar sem vinna samráðshópsins var kynnt og höfð til hliðsjónar, rætt var um kaup á skjalaöskjum

Rekstraryfirlit Héraðsskjalasafns Árnesinga 2018

Rekstrartekjur safnsins voru 40.186.211 kr. en rekstrargjöld auk stofnbúnaðar 40.307.208 kr. Tap fyrir fjármagnsliði er 120.997 kr. Fjármagnsliðir samtals 43.577 kr. Tap ársins er 77.420 kr.

	2018 SKJALASAFN	2018 ÁÆTLUN	2017 SKJALASAFN
<i>Rekstrartekjur:</i>			
HÉRAÐSNEFND ÁRNESINGA	27.050.000	27.050.000	24.100.000
SV. ÁRBORG, STYRKUR	1.350.000	1.350.000	1.350.000
AÐRAR TEKJUR	16.312.911	7.428.000	14.736.211
SAMTALS	44.712.911	35.828.000	40.186.211
<i>Rekstrargjöld:</i>			
LAUN OG LAUNATENGÐ GJÖLD	29.656.121	28.800.000	31.894.598
ANNAR REKSTRARKOSTN.	11.061.318	7.021.000	7.856.269
AFSKRIFTIR	634.697	0	556.341
SAMTALS	41.352.136	35.821.000	40.307.208
AFKOMA FYRIR FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD			
	3.360.775	7.000	(120.997)
<i>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</i>			
VAXTATEKJUR OG VERÐBÆTUR	42.595	0	78.218
VAXTAGJÖLD	(628.191)	0	(34.641)
SAMTALS	(585.596)	0	43.577
HAGNAÐUR (TAP) ÁRSINS	2.775.179	7.000	(77.420)

og langtímavörslu rafrænna skjala. Seinni daginn var fjallað um ráðgjöf til skjalamyndara, framkvæmd eftirlits, verkferla o.fl. þar sem Þorsteinn Tryggvi flutti erindi. Þá var fjallað um skráningu pappírsskjala í samræmi við reglur Þjóðskjalasafns, skjalaskrá Þjóðskjalasafns á vef var kynnt auk þess sem fjallað var um miðlunarverkefni á héraðsskjalasöfnunum, staðla sem hægt er að nota við miðlunarverkefni, framsetningu á vef, mælanleika miðlunarverkefna o.fl. þar sem Þorsteinn Tryggvi hélt erindi. Að lokum var rætt um sýnileika eða ósýnileika opinberra skjalasafna.

Þann 24. apríl sóttu starfsmenn skjalasafnsins vorkund Þjóðminjasafns 24. apríl, en þema fundarins var ljósmyndir og varðveisla þeirra.

25. Norrænu skjaladagarnir voru haldnir í Reykjavík 23.-26. maí. Þetta var í þriðja skipti sem þessi stærsta ráðstefna skjalavarda á Norðurlöndunum er haldin á Íslandi. Átta þemu voru á dagskrá: Stafræn varðveisla, aðfangastefna og þjónusta við notendur, aðfangastefna og grisjun, hlutverk skjalasafna í samfélaginu, miðlun, rannsóknir, einkaskjalasöfn og persónuverndarstefna GDPR Evrópusambandsins. Þorsteinn Tryggvi var þemastjóri og hafði yfirumsjón með málstofum um einkaskjalasöfn, auk þess að flytja fyrirlestur um aðfangastefnu og afhendingar opinberra aðila á héraðsskjalasöfn en fyrirlesarar voru 97 í 30 málstofum. Ráðstefnur af þessari stærðargráðu eru mikils virði fyrir skjalasöfnin og styrkja þau faglega, en allir starfsmenn skjalasafnsins tóku þátt í ráðstefnunni. Þá var ráðstefnan líka notuð til að styrkja enn frekar tengsl við skjalasöfnin í Færeyjum og á Grænlandi. En þau verkefni sem starfsfélagar okkar á Norðurlöndunum glíma við eru í grunninn þau sömu, lagaumhverfi um margt sambærilegt og mikilvægt að deila af þeirri miklu reynslu og tækniþekkingu sem margir starfsmenn þessara safna búa yfir. Samhliða ráðstefnunni var vörusýning þar sem starfsmenn kynntu sér sérstaklega bókaskanna sem notaðir eru við stafræna endurgerð á bókum og skjölum. Skjalasafnið þarf að kaupa svona skanna til að geta enn betur sinnt miðlun á skjölum um leið og skanni gefur skjalasafninu tækifæri til að sinna enn fleiri verkefnum á sviði miðlunar og útgáfu. Bókaskanni getur styrkt enn frekar rekstrargrundvöll skjalasafnsins.

23. til 26. september fóru skjalaverðir á sjö héraðsskjalasöfnum til Edinborgar til að kynna sér ýmsa þætti í starfsemi National Archives of Scotland sem er Þjóðskjalasafn Skota og starfsemi Historic Environment Scotland sem hefur umsjón með sögu og vörslu merkra minnismarkja og landfræðiupplýsinga tengdum þessum stöðum, t.d. Edinborgarkastala. Vel tókst til og var dagskrá National Archives og Historic Environment Scotland einstaklega vel skipulögð og fróðleg. Farið var yfir sýn og aðferðafræði safnanna hvað varðar skjalahald, skjalavörslu, löggjöf, miðlun, stafræna miðlun, aðgengi og samskipti við skjalamyndara og notendur auk þess sem skjalageymslur og sýningar voru skoðaðar. Gestrisni Skota var ósvikin og í samtölum okkar við stjórnendur safnanna var ljóst að þau verkefni sem menn kljást við eru þau sömu.



Hluti af skjalasafni Helgu Ingólfssdóttur cemballeikara. Skjöl vegna Sumartónleika í Skálholti en Helga var upphafsmaður og aðalskipuleggjandi þessarar tónleikaraðar sem hófst árið 1975. Frá byrjun var lögð áhersla á flutning á 17. og 18. aldar tónlist auk þess sem stuðlað er að nýsköpun íslenskrar kirkjutónlistar.

Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Árnesinga 2018

- 2018/1 LAUGARÁSLÆKNISHÉRAÐ. 2,0 hillumetrar – Ingveldur Jónsdóttir afhenti.
- 2018/2 HITAVEITA LAUGARÁSS. 0,65 hillumetrar – Ingveldur Jónsdóttir afhenti.
- 2018/3 GUÐMAR GUÐJÓNSSON (6.6.1937-4.7.2017), STÓRA-HOFI. 0,08 hillumetrar – Ólafur Hlynur Guðmarsson afhenti.
- 2018/4 IDNSKÓLINN Á SELFOSSI. 0,03 hillumetrar – Páll Bjarnason afhenti.
- 2018/5 GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR. 0,03 hillumetrar – Grímsnes- og Grafningshreppur, Hjörtur Hjartarson afhenti.
- 2018/6 GRUNNSKÓLINN Á STOKKSEYRI. 0,15 hillumetrar – Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokks-eyri, Karl Óskar Guðmundsson afhenti.
- 2018/7 GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR. 0,3 hillumetrar – Grímsnes og Grafningshreppur, Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri afhenti.
- 2018/8 MYNDLISTARFÉLAG ÁRNESSÝSLU. 0,2 hillumetrar – stjórn Myndlistarfélags Árnesinga, Sæunn F. Grímsdóttir formaður o.fl. afhentu.
- 2018/9 BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI. 0,35 hillumetrar – Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokksseyri, Karl Óskar Guðmundsson afhenti.
- 2018/10 NAUTGRIPAREKTARFÉLAG SKEIÐAHREPPS. 0,08 hillumetrar – Ásmundur Lárusson í Norður-garði á Skeiðum afhenti.
- 2018/11 LAUGARDALSHREPPUR. 0,06 hillumetrar – Theodór S. Vilmondarson í Efstadal afhenti.
- 2018/12 SKIPULAGS- OG BYGGINGAFULLTRÚI ÁRBORGAR. 31,2 hillumetrar – Skipulags- og byggingafulltrúi, Bárður Guðmundsson afhenti.
- 2018/13 HERGEIR KRISTGEIRSSON (16.8.1934). 0,33 Gb – Hergeir Kristgeirsson afhenti.
- 2018/14 HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN. 0,3 hillumetrar – Héraðssambandið Skarphéðinn, Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri afhenti.
- 2018/15 UNGMENNAFÉLAGIÐ VAKA. 0,2 hillumetrar – Umf. Þjótandi, Guðmunda Ólafsdóttir formaður afhenti.
- 2018/16 HITAVEITA EYRA. 0,03 hillumetrar – Sveitarfélagið Árborg, Signý Harpa Hjartardóttir skjalastjóri afhenti.
- 2018/17 ÞJÖRGUNARSVEITIN TRYGGVI, SELFOSSI. 0,03 hillumetrar – Ólafur Íshólm Jónsson afhenti.
- 2018/18 BIFREIÐASTÖÐ SELFOSS. 0,25 hillumetrar – Guðbjörg Ólafsdóttir afhenti.
- 2018/19 BLÁSKÓGASKÓLI, LAUGARVATNI. 1,35 hillumetrar – Bláskógaskóli, Laugarvatni, Guðmundur Finnbogason aðstoðarskjalastjóri afhenti.
- 2018/20 ELÍAS ÁRNASON (31.12.1884-25.9.1966) Í HÓLSHÚSUM. 0,06 hillumetrar – Guðrún Elísa Gunnarsdóttir í Hólshúsum afhenti.
- 2018/21 ÍSAK E. JÓNSSON (6.10.1931-15.1.2004). 0,06 hillumetrar – Sigurbjörn Bjarnason afhenti.

2018/22 KARL EIRIKSSON (9.6.1916-1.7.2014). 0,08 hillumetrar – Helga R. Einarsdóttir afhenti.

2018/23 RAGNHEIÐUR GÍSLADÓTTIR (12.08.1956). 0,06 hillumetrar – Ragnheiður Gísladóttir afhenti.

2018/24 SKÓLAHLJÓMSVEIT HVERAGERÐIS. 0,03 hillumetrar – Hlíf S. Arndal afhenti.

2018/25 KVENFÉLAG GRÍMSNESHREPPS. 1,65 hillumetrar – Kvenfélag Grímsneshrepps, Laufey Guðmundsdóttir afhenti.

2018/26 LÖGMENN SUÐURLANDI, ÓLAFUR BJÖRNSSON HRL. 0,4 hillumetrar – Lögmenn Suðurlands, Hafðis Edda Sigfúsdóttir ritari afhenti.

2018/27 UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐ UPPSVEITA. 7,05 hillumetrar – Umhverfis- og tæknisvið uppsveita, Pétur Ingi Haraldsson skipulagsfulltrúi afhenti.

2018/28 UNGMENNAFÉLAGIÐ BALDUR. 2,25 hillumetrar – Umf. Þjótandi, Baldur Gauti Tryggvason afhenti.

2018/29 KVENFÉLAG SELFOSSKIRKJU. 0,12 hillumetrar – Eygló Jóna Gunnarsdóttir djákni afhenti.

2018/30 STEINDÓR SIGURSTEINSSON (1.10.1913-14.2.1986), SÓLBAKKA. 0,06 hillumetrar – Amar Tryggvason afhenti.

2018/31 SÓKNARNEFND STÓRBORGARKIRKJU. 0,06 hillumetrar – Guðmundur Jóhannesson í Klausturhólum afhenti.

2018/32 HINRIK BJARNASON (8.7.1934). 0,3 hillumetrar – Bjarki Sveinbjörnsson afhenti.

2018/33 JÓN DIÐRIKSSON (5.7.1859-7.6.1921), EINHOLTI. 0,03 hillumetrar – Haraldur Kristjánsson afhenti.

2018/34 TAFLFÉLAG HVERAGERÐIS OG ÖLFUSS. 0,03 hillumetrar – Halldór Sigurðsson afhenti.

2018/35 SÓKNARNEFND ÓLAFSVALLAKIRKJU. 0,4 hillumetrar – Sóknarnefnd Ólafsvallakirkju, Ásmundur Lárusson gjaldkeri afhenti.

2018/36 HERMANN EYJÓLFSSON (1.7.1893-17.3.1973), GERÐAKOTI. 0,03 hillumetrar – Sigurður Hermannsson afhenti.

2018/37 HROSSARÉKTARFÉLAG GAULVERJABÆJARHREPPS. 0,15 hillumetrar – Hrossaréktarfélag Gaulverjabæjarhrepps, Rannveig Árnadóttir gjaldkeri afhenti.

2018/38 LEIKSKÓLINN GLAÐHEIMAR. 0,03 hillumetrar – Heiðís Gunnarsdóttir afhenti.

2018/39 BARNASKÓLI SELFOSS/SANDVÍKURSKÓLI. 6,55 hillumetrar – Vallaskóli, Þorvaldur Halldór Gunnarsson skólastjóri afhenti.

2018/40 UNGMENNAFÉLAGIÐ BALDUR. 0,05 hillumetrar – Umf. Þjótandi, Baldur Gauti Tryggvason afhenti.

2018/41 ALPÝÐUBANDALAGIÐ Í ARNESSÝSLU. 0,15 hillumetrar – Sigurjón Erlingsson afhenti.

2018/42 SYSTKININ SYÐRA-VELLI. 0,1 hillumetrar – Sigurjón Erlingsson afhenti.

2018/43 IÐUNN GÍSLADÓTTIR (13.9.1926-1.4.2013). 0,03 hillumetrar – Bryndís Snorradóttir í Oddgeirshólum 4 afhenti.

2018/44 GRUNNSKÓLINN LJÓSAÞORBORG/KERHÓLSKÓLI. 0,9 hillumetrar – Kerhólskóli, Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri afhenti.

2018/45 LJÓSAFOSSSKÓLI. 0,35 hillumetrar – Kerhólskóli, Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri afhenti.

2018/46 BARNASKÓLINN Á EYRARBAKKA OG STOKKSEYRI. 2,55 hillumetrar – Barnaskólinn á Eyrarbakka og Stokkseyri afhenti.

2018/47 HALLDÓR BJARNASON (7.11.1888-1.11.1988), KRÓKI. 0,03 hillumetrar – Björn H. Eiríksson afhenti.

2018/48 GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN. 1,81 hillumetrar – Guðrún Jóhannsdóttir, skólastjóri afhenti.

2018/49 GRUNNSKÓLINN Í ÞORLÁKSHÖFN. 1,0 hillumetrar – Ingibjörg Þ. Þorleifsdóttir verkefnastjóri Grunnskólans í Þorlákshöfn afhenti.

2018/50 HREPPSTJÓRINN Í ÖLFUSHREPPI. 0,03 hillumetrar – Hallur Hróarsson í Gerðakoti afhenti.

2018/51 ÞORGEIR MAGNÚSSON (27.3.1896-8.10.1983) VILLINGAVATNI. 0,03 hillumetrar – Sigurbjört Þórðardóttir afhenti.

2018/52 SAMTÖK UM KRISTNA BODUN MEDAL GYÐINGA. 0,11 hillumetrar – Kristín Sværisdóttir afhenti.

2018/53 SKÓLA- OG VELFERÐARÞJÓNUSTA ARNESÞINGS. 0,06 hillumetrar – Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings, Hrafnhildur Karlsdóttir afhenti.

2018/54 KOSNINGABEKLINGAR Í ÁRBORG. 0,06 hillumetrar – Þorsteinn Tryggvi Másson héraðsskjalavörður afhenti.

2018/55 LEIKSKÓLINN ÁLFHEIMAR. 1,17 hillumetrar – Leikskólinn Álfheimar, Jóhanna Þórhallsdóttir leikskólastjóri afhenti.

2018/56 LEIKSKÓLINN HULDUHEIMAR. 1,1 hillumetrar – Leikskólinn Hulduheimar, Kristrún Hafliðadóttir leikskólastjóri afhenti.

2018/57 SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA. 8,35 hillumetrar – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri afhenti.

2018/58 FLÚÐASKÓLI. 1,4 hillumetrar – Flúðaskóli, Guðrún Pétursdóttir skólastjóri afhenti.

2018/59 GRUNNSKÓLINN Í HVERAGERÐI. 0,25 hillumetrar – Grunnskólinn í Hveragerði, Matthea Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri afhenti.

2018/60 HELGA INGÓLFSDÓTTIR (25.1.1942-21.10.2009) 4,7 hillumetrar – Þorkell Helgason afhenti.

2018/61 HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN. 0,03 hillumetrar – Héraðssambandið Skarphéðinn, Guðrún Tryggvadóttir sumarstarfsmaður afhenti.

2018/62 SELÓS SF. 0,06 hillumetrar – Hilmar P. Björnsson afhenti.

2018/63 GAULVERJABÆJARHREPPUR. 0,11 hillumetrar – Flóahreppur, Eydis Indriðadóttir sveitarstjóri afhenti.

2018/64 VILLINGAVATN. 0,03 hillumetrar – Sigurbjört Þórðardóttir afhenti.

2018/65 VILLINGAHOLTSHREPPUR. 0,03 hillumetrar – Flóahreppur, Eydis Indriðadóttir sveitarstjóri afhenti.

2018/66 ATVINNUPRÓUNARSJÓÐUR SUÐURLANDS. 5,3 hillumetrar – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri afhenti.

2018/67 HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURLANDS. 5,3 hillumetrar – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri afhenti.

2018/68 HERGEIR KRISTGEIRSSON (16.8.1934). 0,5 hillumetrar – Hergeir Kristgeirsson afhenti.

2018/69 SALVÖR ÁGÚSTA ÓFEIGSDÓTTIR (13.8.1893-13.1.1979), BORGARKOTI Á SKEIÐUM. 0,06 hillumetrar – Helga Hallbergadóttir afhenti.

2018/70 SORPSTÖÐ SUÐURLANDS. 0,75 hillumetrar – Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri afhenti.

2018/71 SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPUR 5,2 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri afhenti.

2018/72 ÞÓRÐÍS KRISTJÁNSDÓTTIR (26.01.1946). 0,05 hillumetrar – Þórðís Kristjánsdóttir afhenti.

2018/73 BLÁSKÓGABYGGÐ. 18,7 hillumetrar – Bláskógabyggð, Sigurrós Jóhannsdóttir sviðsstjóri afhenti.

2018/74 LEIKSKÓLINN ÓSKALAND. 1,05 hillumetrar – Leikskólinn Óskaland, Gunnvör Kolbeinsdóttir leikskólastjóri afhenti.

2018/75 HJÁLPARSVEIT SKÁTA HVERAGERÐI. 0,15 hillumetrar – Sigurbjörn Bjarnason afhenti.

2018/76 SVÆDISSTJÓRN BJÖRGUNARSVEITA Á SUÐURLANDI. 0,25 hillumetrar – Sigurbjörn Bjarnason afhenti.

2018/77 ÖLFUSHREPPUR. 0,35 hillumetrar – Sveitarfélagið Ölfus, Guðni Pétursson bæjarritari afhenti.

2018/78 GNÚPVERJAHREPPUR. 1,25 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri afhenti.

2018/79 SKEIÐAHREPPUR. 0,15 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Kristófer A. Tómasson sveitarstjóri afhenti.

2018/80 Leikskólinn Brimver/Æskukot. 1,85 hillumetrar – Leikskólinn Brimver/Æskukot, Sigríður Birna leikskólastjóri afhenti.

2018/81 Leikskólinn Æskukot. 0,8 hillumetrar – Leikskólinn Brimver/Æskukot, Sigríður Birna leikskólastjóri afhenti.

2018/82 Trésmiðja Guðmundar Sveinssonar hf. 0,3 hillumetrar – Valgerður Jónsdóttir afhenti.

2018/83 Ásgeir Valdimarsson (13.12.1938). 0,01 hillumetrar – Ásgeir Valdimarsson afhenti.

2018/84 ART á Suðurlandi. 1,55 hillumetrar – ART teymið á Suðurlandi, Sigríður Þorsteinsdóttir afhenti.

2018/85 Leikskólinn Brimver. 0,25 hillumetrar – Leikskólinn Brimver/Æskukot, Sigríður Birna leikskólastjóri afhenti.

2018/86 Leikskólinn Brimver/Æskukot. 0,08 hillumetrar – Leikskólinn Brimver/Æskukot, Sigríður Birna leikskólastjóri afhenti.

2018/87 Biskupstungnahreppur. 4,05 hillumetrar – Bláskógabyggð, Sigurrós Jóhannsdóttir sviðsstjóri afhenti.

2018/88 Þingvallahreppur. 0,6 hillumetrar – Bláskógabyggð, Sigurrós Jóhannsdóttir sviðsstjóri afhenti.

2018/89 Laugardalshreppur. 0,35 hillumetrar – Bláskógabyggð, Sigurrós Jóhannsdóttir sviðsstjóri afhenti.

2018/90 Benedikt Blöndal (10.8.1883-10.1.1939). 0,03 hillumetrar – Héraðsskjalasafn Austfirðinga, Bára Stefánsdóttir héraðsskjalavörður afhenti.

2018/91 Fréttabréf Skeiða- og Gnúpverjahrepps. 0,03 hillumetrar – Skeiða- og Gnúpverjahreppur afhenti.

2018/92 Áveitan. 0,03 hillumetrar – Ungmennafélagið Þjótandi afhenti.

2018/93 Bláskógafréttir. 0,03 hillumetrar – Sveitarfélagið Bláskógabyggð afhenti.

2018/94 Pési – Fréttabréf Hrunamannahrepps. 0,03 hillumetrar – Hrunamannahreppur afhenti.

2018/95 Hvatarblaðið. 0,03 hillumetrar – Umf. Hvöt í Grímsnesi afhenti.

2018/96 Árni Óskarsson (10.7.1939-15.11.2009). 0,03 hillumetrar – Heiðís Gunnarsdóttir afhenti.

2018/97 Karl Eiríksson (9.6.1916-1.7.2014). 0,08 hillumetrar – Helga R. Einarsdóttir afhenti.

2018/98 Félag leikskólakennara. 8. deild. 0,15 hillumetrar – Félag leikskólakennara. 8. deild, Birna Jóhanna Sævarsdóttir og Helga Þórey Rúnarsdóttir afhentu.

2018/99 Héraðsnefnd Árnesinga. 1,4 hillumetrar – Héraðsnefnd Árnesinga, Ingibjörg Garðarsdóttir fjárhaldsmaður afhenti.



HÉRAÐSSKJALASAFN ÁRNESINGA

myndasetur.is • heradsskjalasafn@heradsskjalasafn.is
Austurvegi 2 • 800 • Sími 482 1259 • Kennitala 630189-2849

Afgreiðslutími: Mánudaga til föstudaga kl. 09:00 – 16:00
Miðvikudaga lokað

Stjórn safnsins

Kjartan Björnsson, stjórnarformaður

Gestur Þór Kristjánsson

Valgerður Sævarsdóttir

Starfsmenn skjalasafnsins

Þorsteinn Tryggvi Mátsson, héraðsskjalavörður

thorsteinn@heradsskjalasafn.is

Sævar Logi Ólafsson, skjalavörður

saevar@heradsskjalasafn.is

Guðmunda Ólafsdóttir, skjalavörður

gudmunda@heradsskjalasafn.is